



Borgarráð

Lyfsöluleyfi að Suðurfelli 4.

Vísað er til erindis Lyfjastofnunar dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um nýtt lyfsöluleyfi með vísan til 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Skrifstofa borgarstjórnar vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa sem veitti jákvæða umsögn um erindið á afgreiðslufundi sínum 25. febrúar sl.

Mælt er með því að borgarráð samþykki framlagða umsögn skipulagsfulltrúa.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Erindi Lyfjastofnunar dags. 17. febrúar 2022
Bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2022

Ívar Vincent Smáráson

Frá: Kristinn Páll Sigurbjörnsson - IMA <kristinn.p.sigurbjornsson@lyfjastofnun.is>
Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 15:19
Til: Borgarráðsgögn
Efni: Umsögn um nýtt lyfsöluleyfi
Viðhengi: Umsagnarleitaðvegnanýslyfsöluleyfis.pdf

Flokkar: Appelsínugulur flokkur

Til þess er málið varðar

Í meðfylgjandi viðhengi er rafrænt bréf.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

F.h. Lyfjastofnunar
Kristinn Páll Sigurbjörnsson

Kristinn Páll Sigurbjörnsson

Sérfræðingur / Expert

Markaðseftirlitsdeild / Market Surveillance Department

Lyfjastofnun / Icelandic Medicines Agency

Vínlandsleið 14, IS-113 Reykjavík

Ísland / Iceland

Sími / Tel: +354 520 2100

www.lyfjastofnun.is

Umhverfisvernd - ekki prenta þennan tölvupóst að óþörfu / Please don't print this e-mail unless you really need to
Ábyrgð þín á tölvupósti / Your e-mail responsibilities: www.lyfjastofnun.is

Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.2.2022

Tilvísun: 09.01 / Málsnúmer: M-2022-02-0644

Efni: Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis

Lyfjastofnun barst 13. janúar sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Suðurfelli 4, 111 Reykjavík.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 **skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar.** Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina um nýtt lyfsöluleyfi.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 18. mars nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,
Kristinn Páll Sigurbjörnsson

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Undirritunarsíða

Kristinn Páll Sigurbjörnsson



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 04.03.2022

Skrifstofa borgarstjórnar
Ívar Vincent Smáráson
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Málsnr.: M 55 22020190
Skjalasafn Ráðhúss
08. mars 2022
Bréfalykill: 08.06.11


Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 25. febrúar 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Suðurfell 4

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 18. febrúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um erindi Lyfjastofnunar dags. 17. febrúar 2022 vegna nýs lyfsöluleyfis fyrir Lyfjabúð að Suðurfelli 4. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. febrúar 2022, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa


Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2022.

Widmung:
Skjalasafn Ríkisbúss
8. Mars 2022
Widmung:


Widmung: Skjalasafn Ríkisbúss



Reykjavík, 25. febrúar 2022

Varðar: Suðurfell 4

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 18. febrúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um erindi Lyfjastofnunar dags. 17. febrúar 2022 vegna nýs lyfsöluleyfis fyrir Lyfjabúð að Suðurfelli 4.



Loftmynd: Lyfjaverslanir í Breiðholti

Skipulagsleg staða

Landnotkun í skilmálaeiningu 6.3.18 er skilgreind sem verslun og þjónusta skv. gildandi aðalskipulagi. Einingin nær yfir atvinnusvæði við rætur holtsins milli Efra- og Neðra-Breiðholts vestast í hverfinu milli Suðurfells og Breiðholtsbrautar. Innan einingarinnar er ein atvinnulóð. Aðkoma að einingunni er um Suðurfell.

Í skilmálaeiningunni skal vera verslun, þjónusta og fjölbreytt atvinnustarfsemi á jarðhæðum/götuhliðum bygginga. Á jarðhæðum er óheimilt að byrgja fyrir glugga (með límmiðum, filmum eða á annan hátt) og skulu þær vera aðgengilegar almenningi frá götuhlið eða almenningsrými.

Umsögn

Aðrar lyfjabúðir í Breiðholti eru í Hraunbergi 4, Hólagarði og Mjódd. Breiðholt er fjölmennt með 22.000 og er talið að starfsemi lyfjabúðar á umræddum stað myndi styrkja stöðu suðurhluta efra Breiðholts og mögulega Seljahverfis einnig.

Með vísan í skipulag svæðisins er ljóst að heimilt er að reka starfsemi smásölu og þjónustu á umræddu svæði.

Niðurstaða

Jákvætt, ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Brynja Kemp Guðnadóttir

